



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 1. september 2014

### **Niðurstaða athugunar á lánveitingum Lífeyrissjóðs bankamanna til einstaklinga**

Fjármálaeftirlitið hefur framkvæmt athugun á lánveitingum Lífeyrissjóðs bankamanna til einstaklinga. Athugunin var framkvæmd á öðrum ársfjórðungi 2014.

Athugunin byggði á gögnum vegna 23 lánveitinga til 13 einstaklinga og fyrirspurna í tengslum við þau gögn. Niðurstaða athugunarinnar er byggð á þeim upplýsingum sem aflað var og miðast við stöðuna 31.12.2013.

Að mati Fjármálaeftirlitsins eru fyrrgreindar lánveitingar Lífeyrissjóðsins í samræmi við gildandi lög, fjárfestingarheimildir og lánareglur Lífeyrissjóðs bankamanna.